

A 1727/vækst

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um aðild að stéttarfélögum

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær ræði sín á milli hvernig Norðurlöndin geta stuðlað að bættu skipulagi vinnumarkaðarins, meðal annars þróað áfram módel þar sem jafnvægi ríkir í þríhliða samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Bakgrunnur

Aðild að stéttarfélögum er ein grunnstoð norræna vinnumarkaðsmóðelsins og forsenda fyrir öflugum vinnumarkaði á Norðurlöndum.

Áratugum saman hefur þótt mikilvægt að norrænt launafólk eigi aðild að stéttarfélögum sem bundin eru kjarasamningum sem verkalýðshreyfingin á stóran þátt í. Stéttarfélög launafólks gæta hagsmuna þess með því að semja við atvinnurekendur um kjör og undirrita kjarasamninga.

Félagsmönnum fækkar

Kannanir benda því miður til þess að dregið hafi úr aðild að stéttarfélögum á síðari árum og að margt launafólk velji að segja sig úr stéttarfélögum. Þróun þessi er einkum áberandi í tilteknum starfsgreinum en skýringarnar eru m.a. þær að mikið er um tímabundnar ráðningar, að leiga á erlendu vinnuafli er umfangsmikil og að atvinnuleysi hefur aukist.

Minnkandi aðild að stéttarfélögum getur orðið þess valdandi að samningsstyrkur launafólks gagnvart atvinnurekendum minnki og að lokum standi launafólk uppi án málsvara á vinnumarkaði. Afleiðingarnar geta orðið einstaklingsbundnir samningar, léleg laun og engin eða mjög takmörkuð réttindi. Þá getur fækkun félagsmanna orðið til þess að stéttarfélögin minnki það mikið að atvinnurekendur missi áhugann á að semja við þau.

Jafnvægi í þríhliða samstarfi

Mikil gróska í efnahagsmálum og aukin afköst vinnuaflsins allt frá 8. áratug síðustu aldar eru helstur ástæður þeirrar velmegunar sem ríkir á Norðurlöndum, þar sem m.a.



launasetning, endurdreifing skattkerfisins og félagslegar tilfærslur hafa gert það að verkum að launamunur er mun minni á Norðurlöndum en víðast hvar annars staðar í Evrópu.

Minnkandi aðild að stéttarfélögum á síðari árum, ásamt auknu atvinnuleysi og samkeppni er okkur áminning um að Norðurlöndin verða að standa saman að því að bæta skipulag á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að þríliða samstarf stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins missi mátt sinn. Norræna vinnumarkaðsmódelið ber að þróa og það á að tryggja áfram góð lífskjör almennings á Norðurlöndum.

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði vilja efla samstarf aðila vinnumarkaðarins og er það besta tryggingin fyrir mannsæmandi vinnumarkaði á Norðurlöndum.

Tuusula, 9. ágúst 2017

Annette Lind (S)
Emilia Töyrä (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Kåre Simensen (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Oddný Harðardóttir (A)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Skinnari (sd)